

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhönnu B. Bjarnadóttur og Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Guðmund Kára Kárason frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Málið var sent efnahags- og viðskiptanefnd til umsagnar sem ekki hafði athugasemdir við málið.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).
2. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/83/EB frá 27. júlí 2009 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustýringu.
3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB.
4. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu.

Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 10. maí 2011. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Í athugasemdum við tillöguna kemur fram að innleiðing tveggja tilskipana kallar á laga-breytingar hér á landi. Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar 2009/65/EB. Ráðherrann hefur einnig lagt fram frumvarp til laga um rafeyrisfyrirtæki sem ætlað er að innleiða ákvæði tilskipunar 2009/110/EB. Líklegt er að sérákvæði um rafeyrisfyrirtæki verði þá felld úr lögum um fjármálafyrirtæki. Innleiðing tilskipunarinnar mun líklega leiða til aukinnar útgáfu og notkunar rafeyris hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 8. maí 2012.

Árni Þór Sigurðsson,
form.

Bjarni Benediktsson,
frsm.

Árni Páll Árnason.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Helgi Hjörvar.

Mörður Árnason.

Ragnheiður E. Árnadóttir.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.